



**Viðtakandi** Allsherjar- og menntamálanefnd **Dagsetning** 28. maí 2024  
**Sendandi** Menningar- og viðskiptaráðuneyti **Málsnúmer** MVF23120073

## 941. mál: tillaga til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða

### Flutningsmaður: menningar- og viðskiptaráðherra

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar þann 21. maí sl. var, með vísan til 51. gr. þingskapa, óskað eftir minnisblaði frá menningar- og viðskiptaráðuneyti þar sem fram kæmi afstaða ráðuneytisins til þeirra umsagna sem bárust. Allsherjar- og menntamálanefnd óskaði eftir umsögnum frá 112 aðilum. Alls bárust tíu umsagnir.

Allir umsagnaraðilar fagna framlagðri þingsályktunartillögu. Í umsögnunum koma fram minniháttar efnislegar athugasemdir. Meðfylgjandi eru viðbrögð ráðuneytisins við umsögnunum eftir efnisatriðum þeirra.

#### Aðgengi fyrir alla

F.h. ÖBÍ réttindasamtaka (dbnr. 2318) og Ferðamálastofu (dbnr. 2523) er bent á mikilvægi þess að huga að og leggja áherslu á aðgengi fyrir alla þegar kemur að uppbyggingu á ferðamannastöðum og þeirri þjónustu sem þar er í boði.

Ráðuneytið tekur undir að mikilvægt er að huga að aðgengismálum varðandi hönnun og uppbyggingu á húsnaðiskosti og innviðum. Skilmálar byggingarreglugerða tryggja slíkt þegar kemur að nýframkvæmdum. Í greinargerð tillögunnar er tekið fram að uppbygging á sögustöðum geti verið með fjölbreyttum hætti, meðal annars með skapandi miðlun menningar og sögu. Slík miðlun er til þess fallin að auka aðgengi ólíkra hópa að menningu. Ráðuneytið bendir á að í starfsemi safna og menningarstofnana hefur rík áhersla verið lögð á aðgengi fjölbreyttra hópa og sem dæmi má nefna hlaut Listasafn Reykjavíkur nýlega íslensku safnaverðlaunin fyrir fjölbreytt miðlunarverkefni sín sem m.a. miða að því að ná til ólíkra hópa, m.a. döff-fólks og fólks með skynúrvinnsluvanda.

#### Mikilvægi fræðilegra rannsókna

Í umsögn Félags fornleifafræðinga (dbnr. 2512) er sérstaklega bent á mikilvægi grunnrannsókna fornleifafræðinga á sögustöðum og þeirrar þekkingar sem ávinnst af slíkum rannsóknum.

Ráðuneytið tekur undir að grunnrannsóknir fornleifafræðinga eru mikilvæg undirstaða þekkingar á fortíðinni. Ráðuneytið bendir jafnframt á að það gildir um rannsóknir fræðimanna á ólíkum sviðum, t.a.m. sagnfræðinga, þjóðfræðinga, bókmennta- og íslenskufræðinga, félagsvísindafólks o.s.frv. Markmið tillögunnar um að efla sögustaði miðar einmitt að því að miðla rannsóknum og þekkingu og gera aðgengilega fyrir almenning og ferðamenn. Fræðilegar rannsóknir mynda þann þekkingargrunn sem miðlunin þarf að byggja á.

## Samráð við opinberar stofnanir

### *Mir.jastcfnun Íslands*

Í umsögn Minjastofnunar Íslands (dbnr. 2528) er bent á að þeir sögustaðir sem nefndir eru í tillögunni séu allt staðir þar sem finna má menningarminjar og þess vegna sé samráð við Minjastofnun varðandi ákvarðanir um uppbyggingu á sögustöðum nauðsynlegt.

Ráðuneytið tekur undir að aðkoma Minjastofnunar sé sjálfsögð, nauðsynleg og raunar lögbundin í þeim tilvikum þar sem friðaðar og friðlýstar menningarminjar eru á sögustöðum. Í greinargerð tillögunnar er lögð áhersla á að samráð sé haft við alla hagsmunaaðila og nær það orðalag til Minjastofnunar. Í greinargerðinni eru mögulegir hagsmunaaðilar í dæmaskyni nefndir viðkomandi ráðuneyti, áfangastaðastofur landshlutanna, landeigendur, rekstraraðilar og heimafolk. Tekið er undir að vel hefði farið á því að nefna Minjastofnun sérstaklega í þessari upptalningu.

Í umsögn Kristínar Huldar Sigurðardóttur, fyrrv. forstöðumanns Minjastofnunar, (dbnr. 2566) er einnig bent á nauðsynlega aðkomu Minjastofnunar við ákvarðanir um uppbyggingu á sögustöðum. Þá er í umsögninni einnig rætt um breytingu um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta sem var gerð með forsetaúrskurði nr. 6/2022 og þá staðreynd Minjastofnunar heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið en ekki ráðuneyti menningar. Einnig er í umsögninni rætt um fyrirhugaðar stofnanabreytingar á sviði minjavörslu og náttúruverndar. Í umsögninni er því haldið fram að verið sé að færa „sérhæfð minjaverkefni í hendur aðila sem ekki fæst séð að hafi neina sérþekkingu á málaflokknum“ og í því sambandi vísað til áfangastaðastofa.

Eins og áður greinir tekur ráðuneytið undir nauðsynlega aðkomu Minjastofnunar í því samráðsferli sem gert er ráð fyrir varðandi uppbyggingu á sögustöðum og lögð er áhersla á í greinargerð tillögunnar. Ráðuneytið sér ekki ástæðu til að bregðast við umsögn varðandi skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta og stofnanaskipan minjavörslu enda er það ekki umtjöllunarefni tillögunnar. Fyrirliggjandi tillaga varðar uppbyggingu reksturs og menningarmiðlunar á sögustöðum. Slík verkefni falla ekki undir hlutverk Minjastofnunar. Þá bendir ráðuneytið á að fjölmargir aðilar hafa sérþekkingu á sviði varðveislu menningararfs og miðlun, ekki aðeins Minjastofnun, og einmitt þess vegna er í greinargerð tillögunnar lögð áhersla á samráð varðandi ákvarðanir á hverjum stað. Ráðuneytið telur að tillagan hróflí í engu við lögbundnu fyrirkomulagi minjavörslu í landinu og hlutverki Minjastofnunar.

### *Fjóðmir.jascfn Íslands*

Í umsögn frá Þjóðminjasafni Íslands (dbnr. 2547) er vakin athygli á húsasafni Þjóðminjasafnsins sem staðsett er á yfir 40 stöðum víðs vegar um landið. Í umsögninni er bent á að við uppbyggingu sögustaða þurfi að taka tillit til húsa í húsasafninu. Þá er í umsögninni bent sérstaklega á varðveislu menningarsögulegra mannvirkja, líkt og þeirra sem finna má í húsasafni Þjóðminjasafnsins, og hvernig þau miðla sögu og tengja fortíð og samtíð með upplifun. Jafnframt er bent á að við uppbyggingu ferðaþjónustu þurfi að huga að varðveislu, nauðsynlegu eftirliti, aðgengi, möguleikum til gjaldtöku sem og bent á mikilvægi þess að stuðla að samstarfi allra aðila sem koma að rekstri á þessum stöðum. Þá lýsir Þjóðminjasafnið sig reiðubúið til þátttöku og samstarfs í þessari vinnu.

Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Þjóðminjasafns. Við uppbyggingu á sögustöðum þarf að huga að því að starfsemi, uppbygging, ferðaþjónusta og þarfir nærsamfélags fari saman við varðveislu menningararfs og menningarmiðlun. Til að svo megi verða er farsælast að leita víðtæks samráðs við alla hagsmunaaðila sem að stöðunum koma, þ.m.t. Þjóðminjasafn þegar svo ber undir.

### *Umhverfisstofnun*

Í umsögn Umhverfisstofnunar (dbnr. 2530) er bent á að fjölmarga sögustaði er að finna innan náttúruverndarsvæða sem eru í umsjón Umhverfisstofnunar, Þingvallabjórðgarðs og Vatnajökulsbjórðgarðs og að þess vegna sé mikilvægt að uppbyggingin sé unnin í samráði við viðkomandi stofnanir.

Ráðuneytið tekur undir þetta enda gerir tillagan ráð fyrir samráði við alla hagsmunaaðila, þ.m.t. Umhverfisstofnun, Vatnajökulsbjórðgarð og Þingvallabjórðgarð eftir því sem við á.

*Safnaráð, viðurkennd söfn*

Í umsögn Safnaráðs er vakin athygli á að starfsemi viðurkenndra safna og safna í ríkiseigu tengist oft sögustöðum. Hlutverk safna sé m.a. að miðla þekkingu og þannig geta þau t.d. varpað ljósi á hvers vegna ákveðnir staðir, líkt og sögustaðir, gegni sérstöku hlutverki og skipi ákveðinn sess í sögu lands og þjóðar. Í umsögninni er á það bent að vel færi á því að leita samráðs við viðeigandi söfn þar sem starfi sérfræðingar í miðlun menningararfs.

Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið. Söfn gegna mikilvægu hlutverki í varðveislu og miðlun menningararfleifðar. Í greinargerð tillögunnar er gert ráð fyrir viðtæku samráði við fjölbreytta hagsmunaaðila, þ.m.t. viðurkennd söfn eftir því sem við á.

### **History Up Close ehf. - Eiríksstaðir í Haukadal (dbnr. 2527)**

Í umsögninni lýsa fyrirsvarsmenn fyrirtækisins áskorunum í rekstri menningarferðaþjónustufyrirtækis á Eiríksstöðum í Haukadal sem þau líta á sem sögustað. Bent er á mikilvægi öruggs vegasambands árið um kring og takmarkanir á möguleikum til styrkumsókna. Þá er í umsögninni bent á mikilvægi samráðs varðandi ákvarðanir um uppbyggingu á sögustöðum.

### **Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum – Hólar í Hjaltadal (dbnr. 2450)**

Í umsögninni er bent á sögustaðinn Hóla í Hjaltadal sem höfuð- og menningarseturs á Norðurlandi. Bent er á að staðurinn hafi verið einn af helstu áfangastöðum Norðurlands en hafi á umliðnum áratugum látið undan og þarfnist ný brýnna viðhaldsaðgerða og uppbyggingar á innviðum. Í umsögninni er einnig bent á flækjustig varðandi eignarhald, umsjón og ábyrgð og að það hafi komið verulega niður á viðhaldi, daglegri umhirðu, móttöku gesta, staðaranda og reisu staðarins.

Ráðuneytið bendir á að framangreindar tvær umsagnir lýsa vel þeim vanda sem fyrir er á sögustöðum og tillögunni er ætlað að bregðast við. Þá bendir ráðuneytið jafnframt á að aðstæður á hverjum stað eru ólíkar og því getur verið mismunandi til hvaða ráðstafana þurfi að grípa á hverjum stað. Þess vegna gerir tillagan ráð fyrir ríku samráði við alla hagsmunaaðila (þ.m.t. rekstraraðila) um ákvarðanir og áherslur svo að sátt verði um uppbyggingu og framtíðarfyrirkomulag. Ráðuneytið bendir á að forsætisráðuneytið hefur nú skipað starfshóp um málefni Hóla í Hjaltadal.

Ráðuneytið telur framangreindar athugasemdir ekki þess efnis að tillagan þarfnist efnislegra breytinga.